

Bylting í bata!

Hugarafi

Dagana 24. & 25. ágúst n.k. stendur Hugarafi fyrir ráðstefnu á Hótel Sögu um bata og valdeflingu.

Ráðstefnan er opin öllum, en við viljum sérstaklega hvetja fagfólk, notendur og aðstandendur til að skrá sig.

Ráðstefnugjald er 9.500 kr.- fyrir báða dagana með veitingum. Fyrir öryrkja og aðstandendur 3.000 kr.- Gjald fyrir nema á geðsviði er 5.000 kr.-

Hægt er að skrá sig í gegnum tölvupóst til hugarafi@hugarafi.is, eins er hægt að skrá sig í síma 414-1550 alla daga milli 8 og 4. Skráningu á ráðstefnunna lýkur 18.ágúst nk.

Aðalfyrirlesari er **Judi Chamberlin**, sem er þekkt og virt í málefnum notenda heilbrigðiskerfisins. Hún er sjálf notandi, og hefur barist fyrir réttindum notenda geðheilbrigðiskerfisins í áratugi. M.a. skrifaði hún bókina „*On our Own*” auk þess að hafa skrifað fjölda greina og bæklinga um geðheilbrigði, sjálfshjálp, bataferli og réttindi notenda. Hún er ráðgjafi við endurhæfingarmiðstöð geðsjúkra við Háskólann í Boston, auk þess sem hún vinnur hjá National Empowerment Center. Hún er mjög eftirsóttur fyrirlesari víða um heim.

Aðrir fyrirlesarar eru **Bergþór G. Böðvarsson** fulltrúi notenda geðsviðs hjá Landspítala Háskólasjúkrahúsi, **Jón Ari Arason** Hugarafi, **Pórólfur Árnason** forstjóri Skýrr og formaður Bakhjarla Hugarafis, **Lúðvík Ólafsson** lækningaforstjóri Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, **Styrmir Gunnarsson** ritstjóri Morgunblaðsins, **Jórunn Frímansdóttir** hjúkrunarfræðingur og borgarfulltrúi, **Óttar Guðmundsson** geðlæknir, **Ása Guðmundsdóttir** sálfræðingur og **Pórhildur Sveinsdóttir** iðjuþjálf. **Héðinn Unnsteinsson** sérfræðingur á geðheilbrigðissviði WHO, stýrir svo opnum borgarafundi.

Dagskrá

Fimmtudagur 24. ágúst

09:00

Ráðstefna sett, Siv Friðleifsdóttir Heilbrigðisráðherra

Hugarafi kynnt

Judi Chamberlin “Að skilja valdeflingu og bata: Reynslan frá Bandaríkjunum”

10:25 Kaffihlé

Önnur erindi: Óttar Guðmundson læknir,

Bergþór G. Böðvarsson LSH,

Jón Ari Arason Hugarafi,

Ása Guðmundsdóttir sálfræðingur,

Pórólfur Árnason, m.m.

12:30 Matarhlé

Umræðuhópar - Judi Chamberlin

16:00 Dagskrárlok

Föstudagur 25. ágúst

09:00

Vinnuhópar – Judi Chamberlin

10:30 Kaffihlé

Vinnuhópar framhald

13:00 Matarhlé

Samantekt úr vinnuhópum

14:30-17:00 Opinn borgarafundur. Aðgangur ókeypis.

17:05 Ráðstefnulok

Hugarafi - Valdefling í verki

Hugarafi er hópur notenda geðheilbrigðisþjónustu og fagaðila sem vinna saman á jafningjagrunni með það að markmiði að bæta þjónustuna með ýmsum verkefnum. Sjá nánar á www.hugarafi.is.